



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Reykjavík 13. janúar 2020
Tilvísun: 20011526

Númer: 1/2020
Dreifibréf til váttryggingafélaga

Efni: Drög að leiðbeinandi tilmælum um samræmda framsetningu tiltekinna skýringarliða í ársreikningum váttryggingafélaga, umræðuskjal nr. 1/2020

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 1/2020, sem inniheldur drög að leiðbeinandi tilmælum um samræmda framsetningu tiltekinna skýringarliða í ársreikningum váttryggingafélaga.

Samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi skulu ársreikningar gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu váttryggingafélaga og ber félögunum að semja ársreikninga sína í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Þær upplýsingar sem eru ekki staðlaðar í alþjóðlegum reikningsskilastöðum hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með að séu settar fram á samræmdan hátt, sbr. 3. mgr. 53. gr. sömu laga.

Til samræmis við hlutverk sitt hefur Fjármálaeftirlitið ákveðið að gefa út leiðbeinandi tilmæli um samræmda framsetningu tiltekinna skýringarliða í ársreikningum váttryggingafélaga með vísan til 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Tilmælin koma í stað eldri tilmæla nr. 2/2019 um sama efni sem felld verða úr gildi í kjölfar samþykktar tilmællanna. Í tilmælunum er að finna nánari útlistun á breytingu á tjónaskuld og skilgreiningu á fjárfestingatekjum af váttryggingarekstri. Þá er stuðst við breytta uppsetningu þar sem skilgreiningar og skýringar hafa verið sameinaðar.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eftirlitinu eigi síðar en 27. janúar nk. Umsögnum skal skila á þar til gerð umsagnareyðublöð sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar á forsíðum meðfylgjandi umræðuskjala. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

Virðingarfyllst,

Rúnar Guðmundsson

Gunnar Ingólfsson

SEÐLABANKI ÍSLANDS
FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Katrínartúni 2 105 Reykjavík
www.seðlabanki.is ☎ 569 9600 fme@sedlabanki.is